

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 2005

24. janúar 2005

67

Nr. 57

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Skógarhlíð 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 8. desember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skógarhlíð 14. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Lindargata 27 og 29.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 12. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lindargötu 27 og 29.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 24. janúar 2005.

Helga Bragadóttir.

25. janúar 2005

Nr. 58

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasa 9, Smáraflöt 3 og 5.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. desember 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 9 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin nær til lóðanna Smáraflöt 3 og 5. Lóðamörk eru færð á milli þessara lóða og jafna stærð þeirra. Felld verða út ákvæði um bílgeymslur og í stað þeirra komi hávaða- og skjólmön á hornið. Svæðið sem myndast verður nýtt undir sameiginlegt leiksvæði barna fyrir framangreindar lóðir. Kvöð sú sem var á þessum lóðum, um sameiginlega innakstursgötu verður áfram og við bætist þetta sameiginlega leiksvæði barna. Eigendur sjá um að reka umrædd svæði.

Gutenberg

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 25. janúar 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk-ígildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Akureyrarbær.

1. Afla sem úthlutað er á grundvelli úthlutunar byggðakvóta Akureyrarkaupstaðar er skylt að vinna í Hrísey. Það telst vinna þegar afli er fullunninn í fiskvinnslum í Hrísey.
2. Umsókn um byggðakvóta skal skilað á skrifstofur Akureyrarkaupstaðar fyrir 1. febrúar 2005. Einnig má skila umsókn á netfangið jonbirgir@akureyri.is.
3. Með umsókn um byggðakvóta skal fylgja staðfesting fiskverkunar í Hrísey um að afli verði unninn þar. Gerð skal grein fyrir á hvaða tímabili umsækjandi hyggst veiða/landa úthlutuðum byggðakvóta. Jafnframt skulu tilgreindar upplýsingar um hve mikið af aflaheimildum umsækjandi hyggst leggja á móti byggðakvóta. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs.
4. Rétt til úthlutunar byggðakvóta hafa skip sem skráð hafa verið með heimahöfn í Hrísey árið 2004 eða skip sem lönduðu afla sínum þar á því ári. Miðað er við skráningu Fiskistofu þann 31. desember 2004.
5. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta sem einnig verði unninn í fiskvinnslu í Hrísey og skoðast móttekin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert.
6. Fullnægi fleiri en eitt skip þessum skilyrðum skal byggðakvótanum skipt að 1/3 jafnt á öll skip sem uppfylla skilyrði 4. gr. og 2/3 í hlutfalli við þær aflaheimildir sem umsækjandi/skip leggur til í umsókninni.
7. Við verðlagningu afla til fiskvinnsla í Hrísey skal að lágmarki greiða viðmiðunarverð Verðlagsstofu skiptaverðs fyrir þorsk, ýsu og karfa, en fyrir aðrar tegundir sambærilegt verð og algengast er á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða.
8. Aflaheimild er ekki framseljanleg og skulu hlutaðeigendur afsala sér henni fyrir 15. júní 2005 geti þeir ekki farið að þeim reglum sem um ráðstöfunina gilda.
9. Þann 10. ágúst 2005 skulu útgerðir þeirra skipa sem úthlutað fá byggðakvóta samkvæmt þessum reglum skila inn skýrslu til Akureyrarbæjar um nýtingu hans. Verði skýrslu ekki